



Jón Ingvar Kjaran ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við

Kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands:

*„Í átt til hinsegin framhaldsskóla. Reynsla hinsegin nemenda af íslenskum framhaldsskólum í skugga gagnkynhneigðrar orðræðu og valds.“*



Þriðjudaginn 3. júní kl. 13 í Hátíðasal Háskóla Íslands

Andmælendur eru dr. Þorgerður Einarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, og dr. Wayne Martino prófessor, University of Western Ontario, Canada

Aðalleiðbeinandi var dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands, meðleiðbeinandi var Guðrún Kristinsdóttir, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild Háskóla Íslands og auk þess var í doktorsnefndinni dr. Debbie Epstein professor, University of Roehampton, Englandi

Dr. Jóhanna Einarsdóttir, forseti Menntavísindasviðs stjórnar athöfninni

Allir velkomnir

Priðjudaginn 3. júní n.k. kl. 13.00 fer fram doktorsvörn frá Kennaradeild við Menntavísindasvið, Háskóla Íslands. Þá ver Jón Ingvar Kjara, doktorsritgerð sína *Queering the Icelandic upper secondary schools: Heteronormative discourse and the experiences of queer students in Icelandic upper secondary schools – Í átt til hinsegin framhaldsskóla. Reynsla hinsegin nemenda af íslenskum framhaldsskólum í skugga gagnkynhneigðrar orðræðu og valds.*

Um verkefnið

Doktorsritgerðin er framlag til fræða um hinsegin ungmenni. Hún beinir sjónum að orðræðu hins gagnkynhneigða regluverks (*heteronormative discourse*) og reynslu hinsegin nemenda í íslenskum framhaldsskólum. Hinseginfræði mynda kenningarramma rannsóknarinnar. Einnig er stuðst við ólíkar kenningar um mótun rýmisins, mótspyrnu, ásamt kenningum um samvinnun kyngervis og kynhneigðar. Markmið rannsóknarinnar er að skoða og lýsa þeim þáttum orðræðunnar sem festa í sessi hetrósexíska hugmyndafræði innan framhaldsskólans, jafnt innan stofnana sem og á milli einstaklinga. Ennfremur er áhersla lögð á að lýsa reynslu hinsegin nemenda. Eigindlegum rannsóknaraðferðum er beitt: Í fyrsta lagi voru tekin 14 viðtöl við hinsegin nemendur og í öðru lagi framkvæmdar vettvangsathuganir í tveimur framhaldsskólum, annars vegar í Reykjavík og hins vegar utan Reykjavíkur. Gögnunum var safnað á tímabilinu 2010 til 2012. Þátttakendur í viðtalsrannsókninni voru fæddir á tímabilinu 1987 til 1993 og höfðu annaðhvort nýlega brautskráðst eða voru enn í framhaldsskóla.

Niðurstöður benda til þess að ungt fólk, sem er að velta fyrir sér kynhneigð eða birtingarmyndum kyngervis, eigi erfitt með að fóta sig innan framhaldsskólans. Þetta er þó einstaklingsbundið og fer jafnframt eftir skólum, eins og fram kemur í þeim ritrýndu greinum sem fylgja ritgerðinni. Stofnanabundinn hetrósexismi, hulinn eða áberandi, er hluti af menningu skólanna og samskiptum starfsmanna og nemenda. Ennfremur er kyngervi og kynhneigð mótud af orðræðu hins gagnkynhneigða regluverks. Þar fá ákveðnar birtingarmyndir kyngervis meira vægi og orðræðan um kynhneigð snýst um gagnkynhneigð, þar sem þeir nemendur, sem ekki laga sig að ríkjandi viðmiði kynhneigðar og/eða kyngervis, eru settir skör lægra.

Þess má geta að þetta er fyrsta doktorsritgerð sem er varin hérlendis þar sem viðfangsefnið er hinsegin reynsla og hinsegin veruleiki.

Enska

This dissertation expands the literature on queer youth. It focuses on the heteronormative discourse and the experiences of queer students in Icelandic upper secondary schools. Queer theory forms the overall theoretical framework of the research. It is employed in connections to different theories on space, resistance and the intersectionality of gender and sexuality. The purpose of the study is to examine and describe the discursive factors that contribute to the heterosexist ideology within the upper secondary school settings, both at individual and institutional levels. Furthermore, the focus is on the experience of queer students. The study is rooted in a qualitative research tradition and consists of two main parts: an interview study with 14 LGBT students (Lesbian, Gay, Bisexual and Transgender) and an ethnographic study conducted at two upper secondary schools, one located in Reykjavík and another in a small town in northern Iceland. Data were collected over a period of two years (2010–2012). The participants were born in 1987–1993 and had graduated, or were still attending, an upper secondary school.

The findings suggest that young people, who are questioning their gender identity, sexuality or both, find it difficult to come to terms with their feelings during their formative years in upper secondary school. This depends on the individual and the particular school setting, as revealed in the three articles presented at the end of the synopsis. These articles all conclude that LGBT students face difficulties when coming into the open with their feelings, although the scale and scope of these difficulties varied among the research participants. Institutionalized heterosexism, either subtle or overt, is interwoven into the school culture and social interactions of faculty members and students. In

addition, gender and sexuality within the upper secondary school are still constructed around the discourse of heteronormativity. Particular gender performances gain more capital and the discourse of sexuality revolves around heterosexuality, in some instances marginalizing those students that do not conform to the dominant discourse of either gender or sexuality.

Um doktorsefnið

Jón Ingvar hefur unnið við rannsóknir í hinsegin- og kynjafræðum samhliða kennslu við Verzlunarskóla Íslands. Þar hefur hann einkum kennt sögu og menningarfræði. Hann hefur jafnframt starfað sem og stundakennari við Háskóla Íslands, verið aðstoðarkennari í inngangi að kennslufræðum og haft umsjón með námskeiðinu kennsla samfélagsgreina á vorönn 2014. Hann hefur einig verið reglulegur gestafyrirlesari í menningarfræðum, við Hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands og gestarannsakandi við kynjafræðideild Humboldt háskóla í Berlin á vormisseri 2013.